



Samkomulag

1. grein

Samkomulag þetta er gert milli **Vegagerðarinnar**, kt. 680269-2899, sem og **Landssamband hestamannafélaga (LH)** kt. 710169-3579, um gerð og útfærslur reiðstíga með stofn- og tengivegum sem lagðir eru bundnu slitlagi.

2. grein

Þegar stofn-, tengi- og landsvegir eru lagðir bundnu slitlagi, sem áður hefur einnig nýst sem reiðstígur og er sem slíkur í gildandi skipulagi viðkomandi sveitarfélags, skal þess gætt að gerður sé reiðstígur eða reiðfær leið samhliða framkvæmd um að setja bundið slitlag á veg. Ávallt skal leitast við að reiðleiðin sé eins fjarri veginum og við verður komið.

3. grein

Reiðfært telst vera slóð eða gata sem er fær riðandi umferð, hindrunum hefur verið rutt úr veki og fyrirstöður eru fjarlægðar, þ.e. grjóti rutt úr veki, ræsi framlengt eða sett í skurði, malarlag sett þar sem þörf er á og leiðin sé greiðfær að sumarlagi.

Reiðstígurinn er hugsaður til notkunar fyrir almennt hestafólk en ekki sem þjálfunarbrautir atvinnufólks í hestaþróttum þar sem gerðar eru meiri kröfur til undirlags og frágangs. Til viðmiðunar skal stuðst við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og LH „**Reiðstígar gerð og uppbygging“** önnur útgáfa apríl 2022. Miðað er við gerðir reiðstíga sbr. grein 5.1 Reiðstígar við umferðarminni veki í og við þéttbýli verði stuðst við gerð B og í dreifbýli verði af gerðinni C og D eftir atvikum.

Við uppbyggingu á reiðstígum að gerð B kostar Vegagerðin uppbyggingu reiðstígs þ.e.a.s útlögn styrktarlags en viðkomandi reiðveganefnd um frágang slitlags telji hún þörf á því.

Leggja skal áherslu á öryggi allra vegfarenda og taka hliðsjón af ákvæðum um rýmisþörf, öryggissvæði vega og breidd reiðstíga sbr. kafla 6.1, 6.2 og 6.3.

4. grein

Kostnaður sem hlýst af gerð reiðfærrar leiðar með veginum greiðist af framkvæmdafé viðkomandi vegar. Viðhaldi þessara leiða skal sinnt af hestamannafélagi þess svæðis sem reiðleiðin liggar um, nema um annað sé samið. Viðhaldsfé reiðleiðarinnar er með framlögum af reiðvegafé LH, sveitarfélags, frjálsum fjárfamlögum eða vinnuframlagi og tækjabúnaði félagsmanna.

Sé ekki hægt að koma reiðstíg fyrir innan vegsvæðis af einhverjum ástæðum skal leita sameiginlegra lausna vegna þessa. Vegagerðin kaupir ekki sérstaklega land undir reiðstíga sé ekki hægt að koma þeim fyrir innan vegsvæðis.

5. grein

Á hverju svæði Vegagerðarinnar starfa reiðveganefndir. Formenn þessara reiðveganefnda skipa Reiðvega- og samgöngunefnd LH. Skulu þeir ásamt fulltrúum Vegagerðarinnar skipa samstarfsnefnd í umdæminu, tveir frá hvorum aðila. Samstarfsnefndin leggur mat á þarfir framkvæmda við stígagerðina í samráði við viðkomandi sveitarfélag.

6. grein

Ágreiningur sem upp kann að koma innan samstarfsnefnda, er heimilt að vísa til forstjóra Vegagerðarinnar eða fulltrúa hans og stjórnar LH, sem ber að fjalla sameiginlega um ágreiningsmál og leita lausnar á þeim.

Samkomulag þetta kemur í stað eldra samkomulags Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins frá 7. maí 1982, sem fellur þá úr gildi.

Reykjavík 06.04.2022.

F.h. Vegagerðarinnar:

Bjorgóra Þorvald.

F.h. LH:

Gudni Hollur